



Count on it.


Form No. 3445-561 Rev A

Notendahandbók

Hrífa

Sand Pro®/Infield Pro® 3040 og 5040

Tegundarnúmer 08751—Raðnúmer 400000000 og upp úr






g000502

Inngangur

Lesið þessar upplýsingar vandlega til að læra að stjórna og sinna réttu viðhaldi á vörunni og til að koma í veg fyrir meiðsl og skemmdir á vörunni. Eigandi ber ábyrgð á réttri og öruggri notkun vörunnar.

Hægt er að hafa samband við Toro í gegnum www.Toro.com til að nálgast upplýsingar um aukabúnað, upplýsingar um staðsetningu söluaðila og vöruskráningu.

Þegar þörf er á þjónustu, varahlutum frá Toro eða frekari upplýsingum skal hafa samband við viðurkenndan þjónustu- og söluaðila eða þjónustuver Toro og hafa tegundar- og raðnúmer vörunnar við höndina. **Mynd 1** sýnir hvar tegundar- og raðnúmerin eru á vörunni. Skriðið númerin í kassann hér á síðunni.



g003425

Mynd 1

1. Staðsetning tegundar- og raðnúmera

Tegundarnúmer _____

Raðnúmer _____

Þessi handbók auðkennir mögulega hættu og í henni eru öryggismerkingar auðkenndar með öryggistáknum (**Mynd 2**), sem sýna hættu sem kann að valda alvarlegum meiðslum eða dauða ef ráðlögðum varúðarráðstöfunum er ekki fylgt.

Mynd 2 Öryggistákn

Þessi handbók notar 2 orð til að auðkenna upplýsingar. „**Mikilvægt**“ vekur athygli á sérstökum vélrænum upplýsingum og „**Athugið**“ undirstrikar almennar upplýsingar sem vert er að lesa vandlega.

Efnisyfirlit

Öryggi	3
Öryggis- og leiðbeiningarmerkingar	3
Uppsetning	4
1 Hrifan sett saman	5
2 Hrifan fest við dráttarvélina	5
3 Keðjurnar stilltar	6
Yfirlit yfir vöru	8
Notkun	8
Þjálfunartími	8
Ráðleggingar fyrir sléttun	8
Sléttunarmynstur	8
Ekið inn í og út úr gryfjunni	9
Stilling á horni hrifunnar	9
Plöturnar stilltar	9
Stilling á stoppboltum hrifunnar	10
Notkun lóða	10
Stilling á flutningsstöðu	10
Skoðun og þrif á hrifunni og dráttarvélinni	10
Viðhald	11
Smurning á millistykki tengitækisins	11

Öryggi

Öryggis- og leiðbeiningarmerkingar



Öryggismerkingar og leiðbeiningar sjást greinilega og eru hjá öllum svæðum þar sem möguleg hættu er til staðar. Skiptið um skemmdar eða týndar merkingar.



106-5517

decal106-5517

1. Viðvörðun – snertið ekki heita flötinn.
-

Uppsetning

Lausir hlutar

Notaðu eftirfarandi töflu til að staðfesta að allir hlutar hafi verið sendir.

Verklag	Lýsing	Magn	Notkun
1	Hrífa	1	Setjið hrífuna saman.
	Dráttarbiti	1	
	Bolti ($\frac{1}{2} \times 1\frac{3}{4}$ to.)	1	
	Sjálflæsandi ró ($\frac{1}{2}$ to.)	1	
	Sexkantsró ($\frac{1}{2}$ to.)	1	
	Kragabolti ($\frac{3}{8} \times 1$ to.)	1	
	Sjálflæsandi ró ($\frac{3}{8}$ to.)	1	
	Millistykki fyrir tengitæki	1	
	Klofsplitti	2	
	Lyftiarmur	1	
	Snúningspinni	1	
	Bolti ($\frac{3}{8} \times 1\frac{1}{4}$ to.)	1	
	Lásró ($\frac{3}{8}$ to.)	1	
2	Bolti ($\frac{3}{8} \times 2\frac{1}{2}$ to.)	2	Festið hrífuna við dráttarvélina.
	Skinna ($\frac{3}{8} \times \frac{7}{8}$ to.)	4	
	Stöðuhólkur	2	
	Lásró ($\frac{3}{8}$ to.)	2	
3	Engir hlutar nauðsynlegir	–	Stillið keðjurnar.

1


Hrífan sett saman

Hlutar sem þarf fyrir þetta verk:

1	Hrífa
1	Dráttarbiti
1	Bolti ($\frac{1}{2}$ x $1\frac{3}{4}$ to.)
1	Sjálflæsandi ró ($\frac{1}{2}$ to.)
1	Sexkantsró ($\frac{1}{2}$ to.)
1	Kragabolti ($\frac{3}{8}$ x 1 to.)
1	Sjálflæsandi ró ($\frac{3}{8}$ to.)
1	Millistykki fyrir tengitæki
2	Klofsplitti
1	Lyftiarmur
1	Snúningsspinni
1	Bolti ($\frac{3}{8}$ x $1\frac{1}{4}$ to.)
1	Lásró ($\frac{3}{8}$ to.)

Verklag

1. Festið dráttarbitann lauslega við fremra opið á henginu (Mynd 3) með bolta ($\frac{1}{2}$ x $1\frac{3}{4}$ to.), sjálflæsandi ró ($\frac{1}{2}$ to.) og sexkantsró ($\frac{1}{2}$ to.).



Mynd 3

1. Hengi
2. Dráttarbiti
3. Bolti ($\frac{1}{2}$ x $1\frac{3}{4}$ to.)
4. Bolti ($\frac{3}{8}$ x 1 to.)
5. Sjálflæsandi ró ($\frac{3}{8}$ to.)
6. Sexkantsró ($\frac{1}{2}$ to.)
7. Sjálflæsandi ró ($\frac{1}{2}$ to.)


2. Festið krókhólkinn lauslega við aftara opið á henginu með kragabolta ($\frac{3}{8}$ x 1 to.) og sjálflæsandi ró ($\frac{3}{8}$ to.).

Herðið rærnar með eftirfarandi hersluátaki:

- Sjálflæsandi ró ($\frac{1}{2}$ to.): 104 til 126 N·m
- Sexkantsró ($\frac{1}{2}$ to.): 91 til 113 N·m
- Sjálflæsandi ró ($\frac{3}{8}$ to.): 22 til 27 N·m


3. Látið lyftiarminn flúttu við festinguna á millistykki tengitækisins (Mynd 4) og tengið saman með snúningsspinnanum eins og sýnt er á Mynd 5.

Ath.: Notið handfangið aftan á millistykki tengitækisins til að hreyfa millistykkið til (Mynd 4).



Mynd 4

1. Millistykki tengitækis
2. Lyftiarmur



Mynd 5

1. Millistykki tengitækis
2. Snúningsspinni
3. Klofsplitti
4. Bolti ($\frac{3}{8}$ x $1\frac{1}{4}$ to.)
5. Lásró ($\frac{3}{8}$ to.)
6. Handfang

4. Festið snúningspinnann (Mynd 5) með þremur klofsplittum og bolta ($\frac{3}{8}$ x $1\frac{1}{4}$ to.) og lásró ($\frac{3}{8}$ to.).

2

Hrífan fest við dráttarvélina

Hlutar sem þarf fyrir þetta verk:

2	Bolti ($\frac{3}{8}$ x $2\frac{1}{2}$ to.)
4	Skinna ($\frac{3}{8}$ x $\frac{7}{8}$ to.)
2	Stöðuhólkur
2	Lásró ($\frac{3}{8}$ to.)

Verklag

1. Fjarlægjið öll tengitæki sem eru aftan á vinnuvélinni.
2. Lækkið millistykki dráttarvélarinnar og bakkið henni í stöðu fyrir framan millistykki tengitækisins.

Ath.: Gangið úr skugga um að lásstönginni sé snúið til vinstri (í ólæsta stöðu) séð frá vinnuvélinni að aftan.

3. Rennið millistykki tengitækisins á dráttarmillistykkið.


Mikilvægt: Lengri armur lyftiarmsins verður að vera undir afturgrind dráttarvélarinnar (Mynd 6).

⚠ VARÚÐ

Hætta er á að klemma fingurna á milli millistykkja tengitækisins og dráttarvélarinnar.

Ávallt verður að nota handfangið aftan á millistykki tengitækisins til að lyfta upp og færa tengitækið til (Mynd 6).

4. Snúið lásstönginni til hægri til að læsa millistykkjunum saman.
5. Festið efsta hlekk hvernar keðju á utanverðan lyftiarminn (Mynd 6) með bolta ($\frac{3}{8}$ x $2\frac{1}{2}$ to.), tveimur skinnum ($\frac{3}{8}$ x $\frac{7}{8}$ to.), stöðuhólki og lásró ($\frac{3}{8}$ to.).



g220791

Mynd 6

- | | |
|--|-------------------------------|
| 1. Grind dráttarvélarinnar | 5. Stöðuhólkur |
| 2. Lengri armur lyftiarmsins | 6. Keðja |
| 3. Bolti ($\frac{3}{8}$ x $2\frac{1}{2}$ to.) | 7. Lásró ($\frac{3}{8}$ to.) |
| 4. Skinna ($\frac{3}{8}$ x $\frac{7}{8}$ to.) | |

Ath.: Slaki verður að vera á keðjunum þegar hrífan er látin síga (við notkun) til að tryggja rétta notkun.

Ath.: Gangið úr skugga um að hrífurnar skarist á réttan hátt, liggi slétt og keðjurnar séu ekki flæktar saman eða undnar.

3


Keðjurnar stilltar

Engir hlutar nauðsynlegir

Verklag

1. Lyftið tengitækinu þegar lokið er við að festa hrífuna á dráttarvélina.
2. Mælið bilið á milli pungu skinnunnar og axlar lyftiklafans á millistykki tengitækisins eins og sýnt er á Mynd 7.

Ath.: Hlekkurinn er rétt stilltur ef bilið á milli pungu skinnunnar og axlar lyftiklafans er á milli 1,5 og 2 mm (Mynd 7).




g220790

Mynd 7

- | | |
|-----------------|---------------------|
| 1. Festiró | 4. Öxl lyftiklafans |
| 2. Stilliró | 5. Þung skinna |
| 3. 1,5 til 2 mm | |

-
3. Ef bilið er ekki rétt skal losa um festiróna eða herða eða losa um stilliróna á tengibúnaðinum og stilla bilið eftir þörfum ([Mynd 7](#)).

Yfirlit yfir vöru



Mynd 8

g262222

- | | | | |
|---------------------------|--------------------|-----------|-------------|
| 1. Millistykki tengitækis | 3. Lyftiarmur | 5. Tindur | 7. Hrífuslá |
| 2. Handfang | 4. Yfirferðarhrífa | 6. Armur | 8. Lásstöng |

Notkun

Lesið þennan hluta um sléttun áður en byrjað er að slétta gryfju. Margir þættir ráða því hvernig tengitæki hrifunnar er stillt. Áferð og dýpt sands, rakastig, gróður og þéttni eru allt þættir sem eru ólíkir á milli golfvalla og jafnvel á milli gryfja innan sama vallar. Stíllið hrífuna til að tryggja besta mögulega árangur á viðkomandi svæði.

Þjálfunartími

Æfa skal sléttun í stórri og sléttri sandgryfju á golfvelli. Æfið að taka af stað, stöðva, beygja, hífa hrífuna og láta hana síga, akstur inn í og út úr gryfju o.s.frv. Æfið með vélina á hæfilegum snúningshraða og á hægum aksturshraða. Slíkur þjálfunartími hjálpar stjórnanda að öðlast sjálfstraust við notkun vinnuvélarinnar.

Ath.: Ekki aka dráttarvélinni aftur á bak þegar tengitækið er niðri. Slíkt veldur skemmdum á tengitækinu.

Ráðleggingar fyrir sléttun

Ef sandurinn er nógu djúpur er hægt að slétta alveg upp að brún sandgryfjunnar þar sem hún er slétt.

Ef sandurinn liggur út á grassvörðinn þarf að halda góðri fjarlægð frá brúninni til að rífa ekki upp jarðveginn.

Ekki slétta of nálægt stuttum, bröttum bökkum. Við það rennur sandurinn einfaldlega niður að botni gryfjunnar.

Stundum þarf að slétta í höndunum við bratta bakka, í litlum dældum o.s.frv.


Sléttunarmynstur

Sléttið gryfjuna í sama mynstri og sýnt er á [Mynd 9](#). Þetta mynstur kemur í veg fyrir óþarfa skörun, heldur þjöppun í lágmarki og skilar áferðarfallegu mynstri í sandinn.

Akið á langveginn inn í beina gryfju, þar sem bakkinn er lægstur. Akið í gegnum miðju gryfjunnar, næstum

út að hinum enda hennar, og takið svo eins skarpa beygju og hægt er í aðra hvora áttina og akið næstu yfirferð til baka. Akið í spíral út á við eins og sýnt er á teikningunni og akið út úr gryfjunni á sléttu svæði hægra megin.

Skiljið eftir bratta og stutta bakka og dældir og sléttið þau svæði í höndunum.



Mynd 9

1. Akið á langveginn á sléttu svæði inn í beina gryfju.
2. Akið út úr gryfjunni á sléttu svæði hægra megin.

Ekið inn í og út úr gryfjunni

Þegar ekið er inn í gryfju skal ekki láta hrífuna síga fyrr en hún er öll fyrir ofan sand. Þannig er komið í veg fyrir að grassvörðurinn skemmist eða gras eða önnur óhreinindi berist í gryfjuna. Látið hrífuna síga á meðan vinnuvélinni er ekið áfram.


Þegar ekið er út úr gryfjunni skal byrja að hífa hrífuna um leið framdekkinn eru komin úr gryfjunni. Þannig lyftist hrífan þegar vinnuvélin ekur út úr gryfjunni og enginn sandur berst yfir á grasið.

Stjórnandi vinnuvélarinnar lærir með tímanum rétta tímasetningu við akstur inn í og út úr gryfjunni.

Stilling á horni hrífunnar

Hægt er að breyta stöðu hrífunnar til að auka eða draga úr dýpt hennar í sandinum. Festið dráttarbitann og hrífuna eins og sýnt er á skýringarmyndunum hér á eftir til að stilla á réttan halla.

Stilling á minnstu dýpt tinda




Mynd 10

1. Flatt yfirborð
2. Dráttarbiti
3. Hrífa

1. Festið krókana og hafið flata yfirborðið efst (Mynd 10).
2. Festið dráttarbitann neðst á hengið (Mynd 10).

Stilling á mestu dýpt tinda



Mynd 11


1. Flái að ofanverðu
2. Dráttarbiti
3. Hrífa

1. Festið krókana með fláann að ofanverðu (Mynd 11).
2. Festið dráttarbitann efst á hengið (Mynd 11).

Plöturnar stilltar

Hægt er að stilla lengd armanna til að auka eða minnka dýpt tindanna.

Losið um skrufurnar á arminum, færið arminn upp eða niður í stöðuna sem óskað er eftir og herðið því næst skrufurnar (Mynd 12).



G003411

g003411


Mynd 12

1. Armur

2. Festiskrúfur

Stilling á stoppboltum hrífunnar

Losið um festirænar og skrúfið stoppbolta hrífunnar ([Mynd 13](#)) út til að takmarka hliðarhreyfingar hennar. Herðið festirænar til að læsa stillingunni.



g262219

Mynd 13

1. Stoppbolti (2)

2. Festiró (2)

Notkun lóða

Hægt er að koma fyrir lóðum á hrífunum ef sandurinn er rakur eða grófgerður eða ef djúp fótspor eru í gryfunum. Pantið hlutarnr. 18-7570 frá viðurkenndum dreifingaraðila Toro.

Stilling á flutningsstöðu

Ljúkið eftirfarandi ferli til að auka hæð hrífunnar við flutning:


1. Látið hrífuna og lyftibúnaðinn síga eins langt niður og hægt er.
2. Aftengið keðjurnar af lyftiörmunum og festið þær ofar.

Ath.: Látið keðjurnar vera í upprunalegum slaka áður en hrífan er notuð til að tryggja rétta notkun hennar.

Skoðun og þrif á hrífunni og dráttarvélinni

Þrífið vinnuvélina vandlega eftir notkun. Þessi vinnuvél er aðallega notuð í sandi. Sandur er mjög sverfandi efni og þar af leiðandi verður að þrífa vinnuvélina eftir hverja notkun. Ef vinnuvélin er þrífin reglulega (áður en sandurinn nær að harðna) skal ávallt þrífa hana með vatnsbunu úr slöngu án stúts. Háþrýstipvottur getur þrýst sandi inn í slitsvæði og valdið svörfun.

Ath.: Ef millistykki tengitækisins festist við millistykki dráttarvélarinnar skal stinga kúbeini eða skrúfjárnri í raufina til að losa um íhlutina ([Mynd 14](#)).



G003783

g003783


Mynd 14

1. Rauf

Viðhald

Smurning á millistykki tengitækisins

Ef lásstöngin á millistykki tengitækisins snýst ekki hindrunarlaust skal smyrja þunnu lagi af smurfeiti á svæðið sem sýnt er á [Mynd 15](#).



Mynd 15

Athugasemdir:

Athugasemdir:

Athugasemdir:

Persónuverndaryfirlýsing fyrir Evrópu

Upplýsingarnar sem Toro safnar

Toro Warranty Company (Toro) leggur áherslu á persónuvernd þína. Til að geta afgreitt ábyrgðarkröfur viðskiptavina og haft samband við þá vegna innköllunar vöru óskum við eftir því að viðskiptavinir okkar deili með okkur tilteknum persónuupplýsingum, annaðhvort beint eða í gegnum næsta útibú eða söluaðila Toro.

Ábyrgðarkerfi Toro er vistað á netþjónum utan Bandaríkjanna þar sem persónuverndarlög kunna að vera slakari en í landi viðskiptavinarins.

ÞEGAR VIÐSKIPTAVINUR DEILIR PERSÓNUUPPLÝSINGUM MEÐ OKKUR SAMÞYKKIR VIÐKOMANDI VINNSLU ÞEIRRA EINS OG HENNI ER LYST Í ÞESSARI PERSÓNUVERNDARYFIRLÝSINGU.

Hvernig Toro notar upplýsingar

Toro kann að nota persónuupplýsingar viðskiptavinar til að vinna ábyrgðarkröfur, hafa samband við viðkomandi vegna innköllunar vöru og á annan hátt sem við tilgreinum nánar fyrir viðskiptavini. Toro kann að deila upplýsingum viðskiptavina með hlutdeildarfélögum Toro, söluaðilum eða öðrum samstarfsaðilum í tengslum við þetta. Við munum aldrei selja persónuupplýsingar viðskiptavina öðru fyrirtæki. Við áskiljum okkur rétt til að birta persónuupplýsingar til að fara eftir viðeigandi lögum og í tengslum við beiðnir viðeigandi yfirvalda, til að tryggja að kerfin okkar virki rétt eða til að verja okkur eða aðra notendur.

Geymsla persónuupplýsinga

Við geymum persónuupplýsingar viðskiptavina eins lengi og við þurfum í þeim tilgangi sem þeim var fyrst aflað fyrir eða af öðrum lagalegum ástæðum (svo sem reglufylgni) eða eins og krafist er samkvæmt lögum.

Áhersla Toro á öryggi persónuupplýsinga viðskiptavina

Við grípum til viðeigandi ráðstafana til að verja öryggi persónuupplýsinga viðskiptavina. Við grípum einnig til ráðstafana til að tryggja nákvæmni og rétta stöðu persónuupplýsinga.

Aðgangur að og leiðrétting á persónuupplýsingum

Ef viðskiptavinur vill fara yfir eða leiðrétta persónuupplýsingar sínar skal viðkomandi hafa samband við okkur í gegnum netfangið legal@toro.com.

Áströlsk neytendalöggjöf

Viðskiptavinir í Ástralíu geta fundið upplýsingar sem tengjast ástralskri neytendalöggjöf annaðhvort í umbúðunum eða hjá næsta söluaðila Toro.



Ábyrgð Toro

Takmörkuð tveggja ára ábyrgð

Skilmálar og vörur sem falla undir ábyrgð

Toro Company og tengdur aðili þess, Toro Warranty Company ábyrgjast sameiginlega gagnvart þér, samkvæmt samkomulagi á milli þessara tveggja aðila, að Toro-varan („vara“) þín sé laus við efnis- og smíðagalla í tvö ár eða 1500 vinnustundir*, hvort sem kemur á undan. Þessi ábyrgð nær til allra vara nema loftunarbúnaðar (sjá aðskildar ábyrgðaryfirlýsingar fyrir þær vörur). Komi upp tilviki sem falla undir ábyrgð önnurnar við viðgerð á vörunni þér að kostnaðarlausu, þar með talið greining, vinna, varahlutir og flutningur. Þessi ábyrgð tekur gildi þegar varan er afhent fyrsta kaupanda. * Varan er búin vinnustundamæli.

Leiðbeiningar um hvernig skal nálgast ábyrgðarþjónustu

Þú berð ábyrgð á að tilkynna dreifingaraðila eða vottuðum söluaðila sem þú keyptir vöruna frá um ábyrgðartilvik um leið og það kemur í ljós. Ef þú þarfnast aðstoðar við að finna næsta dreifingaraðila eða vottaða söluaðila eða ef þú hefur spurningar um ábyrgðarréttindi þín eða skyldur geturðu haft samband við okkur á:

Toro Commercial Products Service Department
Toro Warranty Company
8111 Lyndale Avenue South
Bloomington, MN 55420-1196

952-888-8801 eða 800-952-2740
Netfang: commercial.warranty@toro.com

Skyldur eiganda

Sem eigandi vörunnar berð þú ábyrgð á nauðsynlegu viðhaldi og stillingum sem lýst er í *notendahandbókinni*. Ef reglubundið viðhald og stillingar eru ekki framkvæmd er möguleiki á að ábyrgð falli úr gildi.

Hlutir og ástand sem ekki fellur undir ábyrgð

Ekki eru allar bilanir sem upp koma innan ábyrgðartímabilsins vegna efnis- eða smíðagalla. Þessi ábyrgð nær ekki yfir eftirfarandi:

- Bilanir í vöru sem rekja má til notkunar varahluta sem ekki eru frá Toro eða uppsetningar og notkunar viðbóta eða aukahluta og vara sem ekki eru frá Toro. Hugsanlega býður framleiðandi þessara hluta upp á að sína eigin ábyrgð.
- Bilanir í vöru sem rekja má til þess að ráðlögðu viðhaldi og/eða stillingum var ekki sinnt. Ef Toro-vörunni er ekki viðhaldið í samræmi við ráðlagt viðhald í *notendahandbókinni* kann ábyrgðarkröfum að verða hafnað.
- Bilanir í vöru sem rekja má til misnotkunar, hirðulausrar eða ógætilegrar notkunar.
- Íhluti sem slitna við notkun, nema þeir reynist gallaðir. Dæmi um varahluti sem eru notaðir, eða gernýttir, við hefðbundna notkun eru, en ekki takmarkaðir við, bremsuklossar og -borðar, kúplingsborðar, hnifar, kefli, rúllur og legur (einangraðar og smurðar), fastir hnifar, kerti, eltihljól og legur, hjólbardar, síur, reimar og tiltekni úðarahlutir á borð við himnur, stúta og einstefnuloka o.s.frv.
- Bilanir vegna utanaðkomandi þátta. Aðstæður sem teljast til utanaðkomandi þátta teljast vera, en eru ekki takmarkaðar við, geymsluvenjur, mengun, notkun ósamþykks eldsneytis, kælivökva, smurefni, íblöndunarefni, áburð, vatn eða iðefni o.s.frv.
- Bilanir eða skert afköst vegna notkunar eldsneytis (t.d. bensins, díslolíu eða lífdísls) sem ekki uppfyllir viðeigandi iðnaðarstaðla.

Önnur lönd en Bandaríkin eða Kanada

Viðskiptavinir sem kaupa Toro-vörur sem fluttar er út frá Bandaríkjunum eða Kanada skulu hafa samband við viðkomandi dreifingaraðila (söluaðila) Toro vegna upplýsinga um ábyrgð í viðkomandi landi, héraði eða ríki. Ef þú ert af einhverjum sökum óánægð(ur) með þjónustu dreifingaraðilans eða átt í erfiðleikum með að nálgast ábyrgðarupplýsingar skaltu hafa samband við innflytjanda Toro.

- Eðlilegan hávaða, titring, slit og tæringu.
- Eðlilegt slit telst t.d., en er ekki takmarkað við, skemmdir á sætum vegna slits eða svörfunar, slit á máluðum flötum, rispur á merkingum eða rúðum o.s.frv.

Íhlutir

Íhlutir sem skipta þarf um í tengslum við nauðsynlegt viðhald falla undir ábyrgð fram að þeim tíma sem skipta þarf um þá samkvæmt reglubundnu viðhaldi. Íhlutir sem skipt er út í tengslum við þessa ábyrgð falla undir ábyrgð út gildistíma upprunalegrar ábyrgðar vörunnar og þeir eru eign Toro. Toro tekur lokaákvörðun um hvort á að gera við fyrirbyggjandi íhlut eða samstæðu eða hvort skipta eigi um hana. Toro kann að nota endurgerða varahluti við viðgerðir sem falla undir ábyrgð.

Ábyrgð á Li-ion djúphleðslurafhlöðu:

Li-ion djúphleðslurafhlöður eru með tiltekinn heildarflöðu kílówattstunda sem þær geta afkastað út endingartíma sinn. Notkun, hleðsla og viðhald geta lengt eða dregið úr endingartíma rafhlöðunnar. Þegar rafhlöður eru notaðar í þessari vöru minnkar sú vinna sem hægt er að sinna á milli hleðslulota þar til á endanum að rafhlaðan heldur ekki lengur hleðslu. Skipti á úrsérgengnum rafhlöðum, eftir eðlilega notkun, er á ábyrgð eiganda vörunnar. Hugsanlega þarf að skipta um rafgeymi innan hefðbundins ábyrgðartímabils vörunnar á kostnað eiganda. Athugið: (eingöngu Li-ion rafhlöður): Li-ion rafhlaða er eingöngu með hlutfallslega ábyrgð á varahlutum frá og með þriðja ári og út það fimmta, á grunni vinnustunda og kílówattstunda. Frekari upplýsingar er að finna í *notendahandbókinni*.

Eigandi greiðir fyrir viðhald

Vélarstilling, smurning, þrif og bón, síuskipti, kælivökvaskipti og framkvæmd reglulegs viðhalds er á meðal hefðbundinnar þjónustu sem sinna þarf á vörum Toro og sem er á kostnað eigandans.

Almennir skilmálar

Viðgerð hjá vottuðum dreifingar- eða söluaðila Toro er þitt eina úrræði samkvæmt þessari ábyrgð.

Hvorki Toro Company né Toro Warranty Company bera ábyrgð á óbeinu, tilfallandi eða afleiddu tjóni vegna notkunar Toro-vara sem undir þessa ábyrgð falla, þar á meðal kostnaði eða útgjöldum vegna staðgöngubúnaðar eða þjónustu á bilunartíma eða stöðvunar fram að lokum viðgerða samkvæmt þessari ábyrgð. Engin önnur bein ábyrgð er í boði, utan útblástursábyrgðarinnar sem vísað er til hér að neðan, ef hún á við. Allar óbeinar ábyrgðir á söluhæfi og notagildi takmarkast við endingartíma þessarar beinu ábyrgðar.

Sum ríki leyfa ekki takmörkun á ábyrgð vegna tilfallandi eða afleidds tjóns, eða takmörkun á því hversu lengi óbein ábyrgð er í gildi, og því kunna takmarkanirnar hér á undan ekki að gilda um þig. Þessi ábyrgð veitir eiganda sérstök lagaleg réttindi, auk annarra mögulegra réttinda sem kunna að vera mismunandi á milli ríkja.

Varðandi ábyrgð á vél:

Útblástursstjórnkerfi vörunnar þinnar kann að falla undir aðskilda ábyrgð sem uppfyllir kröfur Umhverfisverndarstofnunar Bandaríkjanna (EPA) og/eða loftslagsráðs Kaliforníu (CARB). Vinnustundamörk sem gefin eru upp hér á undan tengjast ekki ábyrgð útblástursstjórnkerfisins. Frekari upplýsingar eru í ábyrgðaryfirlýsingu Kaliforníu fyrir útblástursstjórnkerfi sem fylgir vörunni eða sem er að finna í fylgiskjöllum vélarframleiðanda